

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2023

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um viðhlítandi þjónustu vegna vímuefnavanda.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar
um viðhlítandi þjónustu vegna vímuefnavanda

154. löggjafarþing 2023–2024

Þingskjal 59 — 59. mál

Rauði krossinn stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að skaðaminnkun, m.a. með verkefnum Frú Ragnheiði í Reykjavík, á Suðurnesjum og á Akureyri. Félagið hefur jafnframt beitt sér almennt fyrir ýmsum hagsmunamálum fólks sem notar ávana- og fíkniefni. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði mannúðaraðstoðar.

Er umsögn félagsins mótuð af mikilli og langri reynslu sem félagið hefur af vinnu sinni með fólki sem notar ávana- og fíkniefni. Við yfirferð frumvarpsins hefur Rauði krossinn haft til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum þeirra sem nota ávana- og fíkniefni. Ábendingar og athugasemdir félagsins miða að úrbótum, þar sem hagsmunir stjórnvalda og þeirra einstaklinga sem í hlut eiga fara að öllu jafnan saman.

I. Almennar athugasemdir

Rauði krossinn telur afar mikilvægt að litið sé heildrænt á þarfir einstaklinga með vímuefnavanda þar sem að heilbrigðis- og félagslegur vandi helst saman.

Eins og fram kemur í tillögu er löng bið eftir innlögn á Vog, sem er ein helsta afeitrunarþjónusta landsins. Auka þarf aðgengi að afeitrun með því að bjóða upp á fleiri og fjölbreyttari þjónustu eftir mismunandi þörfum einstaklinga. Með langri bið eftir afeitrun skerðist aðgengi að langtíma vímuefnaðferð. Einnig er brýnt að auka aðgengi að fjölbreyttum vímuefnaðferðum, t.a.m. benda rannsóknir til þess að áfallamiðuð nálgun í vímuefnaðferðum skili betri og lengri árangri en aðrar meðferðir.

Hvað viðhaldsmeðferð varðar er lyfið *Suboxone* það sem helst sem er notað í slíkri meðferð við ópíóíðafíkn. Í öðrum löndum, þ.m.t. Norðurlöndunum er notast við fleiri lyf eins og *Methadone* og *Diamorfin* eftir mismunandi þörfum einstaklinga. Aðgengi að viðhaldsmeðferð þarf að vera gott svo að einstaklingar haldist í viðhaldsmeðferð og bjóða þarf upp á lágþröskuldapjónustu til þess að draga úr hindrunum við að sækja þjónustuna. Með lágþröskuldapjónustu er átt við að hindranir eins og innlagnir, tímabókanir og kostnaður komi ekki í veg fyrir þjónustu.



Þá er afar mikilvægt að efla lágþröskulda heilbrigðisþjónustu fyrir einstaklinga sem að glíma við flókinn og þungan vímuefnavanda, bæði geðþjónustu og almenna heilbrigðisþjónustu. Vímuefnavandi er flókið samspil líkamlegra, sálrænna og félagslegra þátta og þarf heilbrigðisþjónusta að vera veitt á heilðrænan hátt.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru reiðubúnir að gera nánari grein fyrir athugasemdum félagsins sé þess óskað.

